

155. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 12. nóvember 2012, kl. 20 :00 , á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Lára Gunnarsdóttir, Hinrik Hjartarson, Ásgeir Gunnar Jónsson og Guðmundur Kristinsson. Auk þess sat fundinn Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir skipulags- og byggingafulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Silfurgata 3, endurnýjun og viðbygging.
Bjargey ehf. /Gunnar Einarsson sækir um að endurnýja og breyta gluggum og byggja 6 m2 viðbyggingu við húsið, sbr. teikningar frá Jóni Eiríki Guðmundssyni dags 25.10. 2012.
Samþykkt að grenndarkynna erindið fyrir eigendum Silfurgötu nr. 1.
2. Austurgata 7, breytingar á útliti og innra skipulagi.
Aðalsteinn Snorrason sækir um f.h. Ríkissjóð Íslands /Velferðarráðuneytið um breytingar á útliti og innra skipulagi HVE í Stykkishólmi. Tillögurnar felast í að breyta hluta hússins í hjúkrunarheimili ásamt tillögum að endurbótum og breytingum á innra skipulagi vegna endurskoðunar á starfsemi sjúkrahússins í heild sinni. Þak er hækkað og endurbyggt á eldri hluta hússins og gluggar á fjórðu hæð stækkaðir til samræmis við glugga á neðri hæðum, sbr. erindi og teikningar frá Arkís/ Aðalsteini Snorrasynti dags. 12.11.2012.
Nefndin tekur jákvætt í erindið að uppfylltum skilyrðum.
3. Hafnargata 4, fyrirspurn vegna breytingar á notkun hússins.
Lögð fram fyrirspurn frá G. Oddi Víðissyni f.h. Hamraenda ehf, að breyta húsinu í gistiskála og veitingasölu, sbr. bréf dags. 12.11.201.
Tekið er jákvætt í erindið.
4. Borgarbraut 4, tillaga að frágangi á skólalóð.
Lögð fram að nýju tillaga að frágangi á lóð grunnskólans, frá Landhönnun dags. 1.11.2012.
Tillagan þarfnast verulegrar endurskoðunar m.a. m.t.t. aðkomu að skóla, snjómoksturs og kostnaðarsamrar umhirðu.

5. Reitur B við Frúarstig, fyrirspurn.

Sævar Harðarson/Skipavík ehf, óskar eftir möguleika á að staðsetja bílskúr á lóðinni og að á neðri hæð hússins verði leyfð atvinnustarfsemi, sbr. tölvupóst dags. 12.11.2012.

Erindi vísað til umsagnar hjá skipulagshöfundi.

6. Landsskipulagsstefnan, tillaga til umsagnar.

Samkvæmt 6. mgr. 11. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlna nr. 105/2006 auglýsir Skipulagsstofnun hér með tillögu að landsskipulagsstefnu ásamt umhverfisskýrslu. Athugasemdir við tillöguna og umhverfismat hennar þurfa að hafa borist til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166 eigi síðar en 20. nóvember 2012 eða á netfangið landsskipulag@skipulagsstofnun.is
Erindi lagt fram og rætt.

7. Geymslu- og gámasvæði, tillögur að breyttum reglum og gjaldskrá.

Lagðar fram tvær tillögur um gjaldskrá reglur fyrir geymslu og gámasvæði Stykkishólmsbæjar. A) Tillaga Gretars D. Pálssonar. B) Tillaga Davíð Sveinssonar og Egils Egilssonar. Erindi vísað af bæjarstjórn til umsagnar.

Nefndin leggur til að gámsvæðið verður eingöngu fyrir gáma.

9. Önnur mál.

9.a Nefndin leggur áherslu á að deiliskipulagsvinnu á nýræktarsvæði verði hraðað.

9.b Nefndin spyr hvenær sumarbústaðurinn verði fjarlægður af Silfurgötu 12.

Fundi slitið kl. 22:40.

B.V.

